



Til menntaráðs

Kópavogi, 11. mars 2026
26031611/999.00 ABS

Efni: Fyrirspurn um húsnæði Kópavogsskóla

Fulltrúi Samfylkingar í menntaráði hefur óskað eftir upplýsingum um húsnæðismál Kópavogsskóla vegna rakaskemmda sem greindust í skólanum síðastliðið haust. Erindið barst í tölvupósti til deildarstjóra grunnskóladeildar 23. febrúar 2026.

1. *Hefur mygla verið staðfest í húsnæði skólans? Ef svo er hvers vegna hefur starfsfólk og foreldrar ekki verið formlega upplýstir?*

Mygla í stjórnendaálmú skólans var staðfest með greiningu frá fyrirtækinu Cowi í október 2025. Starfsfólk og foreldrar voru upplýstir með bréfum frá skólastjórnendum strax í kjölfar niðurstaðna þegar umfang og áætlun framkvæmda lá fyrir.

Starfsfólk fékk bréf frá skólastjórnendum með upplýsingum um niðurstöður þann 13. október. Gerð var grein fyrir umfangi rakaskemmda og upplýst um eðli endurbóta. Upplýsingar voru sendar reglulega til starfsfólks meðan á framkvæmdum stóð.

Foreldrar fengu samskonar upplýsingar frá skólastjórnendum þann 14. október þegar frekari upplýsingar lágu fyrir. Framkvæmdir höfðu ekki bein áhrif á kennslu eða skólastarf nemenda, en þeir þurftu að leita aðstoðar ritara og stjórnenda annarsstaðar í húsinu.

Mygla greindist ekki í starfsmannarými sem staðsett er inn af skrifstofum stjórnenda en þar sem frágangur í kringum glugga var með sama hætti þar og hjá ritara og stjórnendum var gengið út frá því að líkur væru á svipuðum rakaskemmdum og tekin ákvörðun um endurbætur í öllu rýminu til að gæta fyllsta öryggis. Skipt var um glugga á norður og austurhlið hússins. Rýmið sem um ræðir var lokað með plastveggjum meðan á framkvæmdum stóð til að stuðla að heilnæmum loftgæðum annarsstaðar í húsinu.

2. *Hvenær var hún greind og hvert er umfang hennar?*

Sýnatökur voru í lok september og niðurstöður bárust seinnipart föstudags 10. október. Helgin var nýtt til að meta umfang og áætla framkvæmdir. Upplýsingar voru sendar til starfsfólks snemma á mánudagsmorgni og til foreldra daginn eftir, að



morgni 14. október. Umfangið var álman þar sem skrifstofur ritara, stjórnenda og starfsmannarými eru staðsettar, þ.e. við austur- og norðurvegg hússins.

3. *Hvaða úrbætur hafa verið framkvæmdar og hver er staða þeirra í dag? Hver er áætlaður kostnaður við fullar úrbætur og hve mikill kostnaður hefur þegar fallið til vegna myglu í húsnæði skólans?*

Gluggar og gluggakarmar á norður- og austurvegg hússins hafa verið endurnýjaðir, brotið var inn í vegg undir gluggum til að þétta og skoðað ástand varðandi rakaskemmdir. Gólfefni hafa öll verið endurnýjuð í þessari álmu auk þess sem gerðar hafa verið breytingar á rýminu í samráði við stjórnendur. Heildarkostnaður við framkvæmdir er áætlaður 25 mkr. samkvæmt upplýsingum frá umhverfissviði.

4. *Hvernig er tryggt að starfsfólk og nemendur búi við öruggt og heilsusamlegt starfs- og námsumhverfi?*

Þegar mygla greinist í húsnæði stofnana er brugðist hratt við og framkvæmdaáætlanir taka ávallt mið af því að fjarlægja allar rakaskemmdir og tryggja að komið sé í veg fyrir frekari skemmdir. Að framkvæmdum loknum er húsnæði þrifið vandlega og farið eftir skilgreindu verklagi varðandi mygluaðgerðir (Iðju og Verkivist). Um það bil hálfu ári eftir að verki lýkur er sýnataka endurtekin til að kanna hvort enn greinist merki um myglu. Áætluð endursýnataka vegna umrædds verks er í sept-okt.

Umhverfissvið hefur heimild bæjarráðs til að bregðast strax við með úrbótum þegar rakaskemmdir og mygla greinast í stofnunum og ekkert er til sparað við að tryggja að boðið sé upp á heilsusamlegt húsnæði fyrir börn og starfsfólk.

Umhverfissvið og menntasvið eiga náið og traust samstarf um viðbrögð þegar rakaskemmdir greinast og unnið er samkvæmt vinnuferlum sem hafa reynst vel og eru aðlagðir eftir þörfum.

5. *Telja bæjaryfirvöld að núverandi aðstæður, m.a. varðandi bókasafn og vinnuaðstöðu starfsfólks, uppfylli faglegar og lögbundnar kröfur?*

Vinnuaðstaða starfsfólks er talin uppfylla faglegar og lögbundnar kröfur eftir endurbætur.



Bókasafni var breytt í kennslustofu vegna plássleysis árið 2024. Bókasafnið hefur að hluta til verið fært í alrými í anda opins bókasafns til að auka sýnileika og aðgengi nemenda að bókum.

Tekið skal fram að unnið er að hönnun viðbyggingar við Kópavogsskóla vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar nemenda. Með viðbyggingu verða húsnæðisaðstæður skólans bættar verulega.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
Deildarstjóri grunnskóladeildar

